

Nd.

386. Breytingartillögur

[70. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. Við 6. gr. Eftir orðinu „kynbótanefnd“ í 1. málsg. komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til.

3. Við 29. gr. Eftir orðinu „hrossakynbótanefnd“ í 1. másl. komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til.

4. Við 32. gr. Fyrri málsg. orðist svo:

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan, sbr. þó 35. gr. Verði vart við slíkan hest, ber umráðamanni þess lands, þar sem hesturinn er, að láta handsama hann og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi. Skal þá hreppstjóri taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku hans. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið þeim ágreiningi til úrskurðar dómkvaddra manna. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

5. Við 35. gr. Fyrri málsg. orðist svo:

Undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október má veita, ef heitilönd þau, þar sem hestarnir ganga, eru svo einangruð, að öruggt megi teljast. Slíka undanþágu veitir sýslunefnd með $\frac{1}{2}$ atkvæða eða Búnaðarfélag Íslands.